

Reglur um akstursstyrki vegna íþróttar- og tómstundastarfs barna

Reglur þessar gilda um skipulagt starf viðurkenndra íþróttafélaga, tónlistarskóla og björgunarsveita í Ísafjarðarbæ.

1 gr.

Gildisvið:

Reglur þessar gilda um styrki til barna og unglings á grunnskólaaldri sem eiga lögheimili í Dýrafirði, Súgandafirði og Önundarfirði.

2 gr.

Markmið:

Markmið reglnanna er að stuðla að aðstöðjöfnun þeirra barna og unglings í sveitarfélagini sem þurfa að fara langan veg til að stunda íþróttar- og tómstundastarf.

3. gr.

Akstursvegalengd

Ekki er greiddur út styrkur til barna og unglings sem eiga lögheimili í Skutulsfirði þar sem frístundarúta milli Skutulsfjarðar og Bolungarvíkur þjónar þeim.

4. gr.

Akstursstyrkur

Til að eiga rétt á styrk þarf að framvísa tveimur eða fleiri af neðangreindum gögnum á skrifstofu Ísafjarðarbæjar eða í gegnum tölvupóstfangið info@isafjordur.is ásamt upplýsingum um foreldri sem tekur við greiðslu:

- Staðfesting frá íþróttafélagi og/eða deild um að viðkomandi hafi stundað a.m.k. 12 æfingar yfir árið
- Staðfesting frá tónlistarkennara barns um ástundun
- Staðfesting starfsmanns félagsmiðstöðva á að barn/unglingur hafi sótt miðstöðina a.m.k. 12 sinnum yfir árið
- Staðfesting umsjónarmanns björgunarsveitarstarfs að barn/unglingur hafi stundað skipulagt starf með unglingsstarfi björgunarsveitar a.m.k. 12 skipti yfir árið
- Kvittun fyrir æfingargjöldum tónlistarskóla
- Kvittun fyrir æfingargjöldum íþróttafélags

5. gr.

Úthlutun styrks

Aðeins er veittur einn styrkur á hvert heimili á ári óháð fjölda barna.

Styrkurinn nær til skipulagðrar íþróttaiðkunar og tómstundastarfs innan sveitarfélagsins.

6. gr.

Tilhögun greiðslna.

Upphæð styrks fyrir heimili er 30.000 kr. á ári.

Styrkir eru greiddir út einu sinni á ári, í desember, að undangenginni auglýsingu frá Ísafjarðarbæ og tilkynningu HSV til aðildarfélaga.

Gera skal ráð fyrir fjárhæð til greiðslu styrkjanna í fjárhagsáætlun málaflokks íþrótt- og tómstundamála.

7 gr.

Gildistaka

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Íþróttta og tómstundanefnd er ábyrg fyrir framkvæmd og endurskoðun þessara reglna á meðan unnið er að heildstæðu kerfi almenningssamgangna innan sveitarfélagsins.

Ísafjarðarbæ XX.XX.XXXX